

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Mars 2022

Skráð atvinnuleysi í mars var 4,9% og minnkaði um 0,3 prósentustig frá febrúar

Skráð atvinnuleysi var 4,9% í mars og minnkaði úr 5,2% í febrúar. Að meðaltali fækkaði um 424 atvinnulausa frá febrúarmánuði.

Atvinnulausir voru alls 9.608 í lok mars, 5.416 karlar og 4.192 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 375 frá febrúarlokum og atvinnulausum konum fækkaði um 228.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 8,6% og minnkaði úr 9,2% í febrúar. Næst mest var atvinnuleysið 5,1% á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni minnka í apríl og verða á bilinu 4,4% til 4,6%.

Alls höfðu 3.260 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars og fækkaði um 179 frá febrúar. Hins vegar voru þeir 6.207 í marslok 2021.


Alls komu inn 678 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfin voru störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 220 störf.

Alls voru 4.097 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok mars og fækkaði um 288 frá febrúar.

Alls voru 1.519 einstaklingar á ráðningarstyrk innan stofnana og fyrirtækja í mars en þeim fækkaði um 355 frá fyrri mánuði.

Í mars 2022 gaf Vinnumálastofnun út 178 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 122 á höfuðborgarsvæðinu.

Próun atvinnuleysis mars 2020 til mars 2022



Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi minnkaði meira á landsbyggðinni sem heild en á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,4 prósentustig og var 4,6% í mars. Á höfuðborgarsvæðinu minnkaði atvinnuleysi um 0,2 prósentustig og var 5,1% í mars. Atvinnuleysi á landinu öllu minnkaði um 0,3 prósentustig frá febrúar og var 4,9% í mars.


Alls staðar dró úr atvinnuleysi í mars en á Vestfjörðum og á Austurlandi voru óverulegar breytingar. Hlutfallslega dró mest úr atvinnuleysi á Vesturlandi, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 8,6% og minnkaði úr 9,2% í febrúar. Næst mest var atvinnuleysið 5,1% á höfuðborgarsvæðinu.

Minnst var atvinnuleysi í mars á Norðurlandi vestra 2,2%, 2,6% á Vesturlandi og 2,7% á Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í febrúar og mars.

Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum




Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á þremur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 5,4% meðal karla og 4,7% meðal kvenna, á Vestfjörðum þar sem það var 3,2% meðal karla og 2,7% meðal kvenna og

á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 2,7% og atvinnuleysi kvenna 1,6%. Á Norðurlandi eystra var atvinnuleysi það sama meðal karla og kvenna eða 4,1%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í mars.

Almennt atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru alls 9.608 í lok mars, 5.416 karlar og 4.192 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 375 frá febrúarlokum og atvinnulausum konum fækkaði um 228.

Alls voru 999 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok mars og hefur þeim fækkað um 58 frá febrúarlokum en fækkað um 1.302 frá mars 2021 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldrarsbili var 2.301.

Lengd á skrá

Alls höfðu 3.260 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars og fækkaði um 179 frá febrúar. Hins vegar voru þeir 6.207 í marslok 2021 og hefur því langtímaatvinnulausum fækkað umtalsvert eða um 2.947 milli ára.

Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fjölgaði lítilsháttar frá febrúar eða um 138 og voru 1.727 í lok mars en 1.589 í lok febrúar. Í mars 2021 var þessi fjöldi hins vegar 7.440.

Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum í lok mars fækkaði í öllum atvinnugreinum frá lokum febrúar mest var hlutfallsleg fækkun atvinnulausra í ferðatengdum atvinnugreinum eða að meðaltali um 11%. Einnig fækkaði talsvert á atvinnuleysissskrá í menningartengdri starfsemi eða um 8,5% frá febrúar, í sérfræðiþjónustu fækkaði um 8%, um 6% í ýmissi þjónustustarfsemi og á bilinu um 4% til rúmlega 7% í verslun, iðnaði, byggingariðnaði og upplýsingatækni.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði atvinnulausum frá febrúarlokum mest meðal sérmenntaðra, vélafólks svo og í skrifstofu- og þjónustustörfum.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.097 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok mars og fækkaði um 288 frá febrúar. Mesta hlutfallslega fækkun atvinnulausra frá febrúar var í ferðatengdum atvinnugreinum eða um 11%. Í sérfræðiþjónustu fækkaði um 8,6%, í ýmissi þjónustustarfsemi 6,3% og í byggingariðnaði 5,9%.


Þessi fjöldi samsvarar um 10,5% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á



atvinnuleysissskrá var tæp 43% í mars og hefur aukist úr um 40% frá sumri 2021.

Flestir almennir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.957 sem er tæp 48% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Lettar, Rúmenar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok mars 2022




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í mars 2022 gaf Vinnumálastofnun út 178 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 122 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 92 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 86 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í mars hvort sem var nýtt eða framlengt fengu sérfræðileyfi eða 47 leyfi. Þá voru gefin út 37 leyfi fyrir íþróttafólk og 23 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í mars voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 44%, 18% vegna þjónustustarfa og 17% vegna starfa sérhæfðs iðnverkafólks. Um 21% starfa var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í mars 2022



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 36 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í mars 2022 með samtals 187 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 398 í mars á vegum 17 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 56%, 14% frá Litháen og eins 14% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 16% starfsmanna komu frá átta öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun


Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í mars 2022 voru gefin út 60 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 34 einstaklingar, sex fóru til Litháen og fjórir fóru til Lettlands. Þá voru gefin út 16 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í mars 2022 voru gefin út 33 slík vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Póllands, eða 10 vottorð, sex

vottorð voru gefin út til Litháen og fimm til Tékklands. Þau sem eftir standa, eða 12 vottorð, voru gefin út til sjö annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, mars 2022



Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í mars

Alls komu inn 678 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfin voru störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 220 störf. Flest auglýstra starfa eru vegna ráðningarstyrkja, eða um 76%, önnur teljast almenn störf. Um það bil 46% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 17% á Suðurnesjum og 12% á Suðurlandi. Þá eru 25% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	145	21%
Þjónustustörf	163	24%
Afgreiðslustörf	60	9%
Iðnaðarmenn	88	13%
Bændur og fiskimenn	2	0%
Verkfólk í þjónustu	220	32%
Samtals	678	100%


Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Vinnumálastofnun leggur mikla áherslu á að halda fólki í virkni enda sýna rannsóknir fram á mikilvægi þess. Allar þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar bjóða upp á námskeið af ýmsum toga í samstarfi við símenntunarstöðvar og aðra námskeiðshaldara. Þá stendur atvinnuleitendum til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur.

Í mars 2022 tóku 3.135 einstaklingar þátt í hinum ýmsu úrræðum. Um 382 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 569 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið. Þá voru 320 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 219 einstaklingar voru skráðir í úrræðið Nám er tækifæri þar sem atvinnuleitendum býðst að stunda fullt nám á atvinnuleysisbótum í eina önn.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í mars unnu 66 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 1.579 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir eða 1.519 á ráðningarstyrk innan fyrirtækja og stofnana.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í mars 2022



Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra